

**Fundur skipulags- og samgönguráðs 1. júlí 2020:**

*Tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins – US200261*

Lagt er til að teknar verði upp rafrænar undirskriftir í skipulags- og samgönguráði.

**Greinargerð:**

Rafræn tækni hefur verið nýtt í COVID-19 faraldrinum meðal annars fjarfundartækni. Rafrænar undirskriftir hafa rutt sér til rúms í samfélaginu og eru þegar nýttar af einhverjum fyrirtækjum borgarinnar. Sóknarfæri eru í að auka stafræna tækni í skipulagsmálum borgarinnar. Rafrænar undirskriftir eru hluti af þeirri innleiðingu og er gott fordæmi í að Skipulags- og samgönguráð taki þær upp. Þá mun þetta fyrirkomulag spara tíma, enda eru fundargerðir ráðsins langar og oft ekki tilbúnar fyrir en allt að klukkustund eftir að dagskrá fundar er tæmd.